

262. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 14. MARS 2017 KL 9:30

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing 2016, framhaldsþing í febrúar 2017. Mál sem ganga til kirkjuráðs. Forseti kirkjuþings kemur til fundarins.
 - a) 7. mál. Þingsályktun um sóknasamband.
 - b) 9. og 10. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.
 - c) 15. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011
3. Fjármál
 - a) Fundargerð fjármálahóps 10.03.2017.
 - b) Breytingar á fjárhagsáætlunum vegna breyttra forsendna.
 - c) Erindi löggjafarnefndar kirkjuþings varðandi aukna fjárheimild.
 - d) Undirbúningur stofnunar sambands sókna í þjóðkirkjunni, styrkumsókn.
 - e) Árnessókn, erindi sóknarnefndar.
 - f) Ástjarnarsókn, bygging safnaðarheimilis, stöðuskýrsla.
4. Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfshóps 13.03.2017.
 - b) Erindi lögmansstofunnar Lögmenn Höfðabakka f.h. Landsvirkjunar varðandi þrjár virkjanir í Þjórsá.
 - c) Eiðar, prestsetur, erindi setts sóknarprests og f.v. sóknarprests.
 - d) Staðastaður, erindi KRST, lögmanna.
 - e) Hraungerði, erindi fráfarandi ábúenda.
 - f) Traðir, stöðuskýrsla.
 - g) Reykholt, Orkustofnun, jarðhiti, nýtingarleyfi, umsögn
 - h) Reykholt, RARIK, jarðstrengir, spennustöðvar.
 - i) Strandarkirkja, framlenging á lóðaleigusamningi.
 - j) Skeggjastaðasókn, flutningur milli prestakalla. Ályktun sveitarstjórnar Langanesbyggðar.
5. Ráðning starfsmanns kirkjuþings, stöðuskýrsla.
6. Laugavegur 31, skýrsla framkvæmdastjóra um lyktir málsins.
7. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup stýrði fundi sem staðgengill biskups Íslands og forseta kirkjuráðs. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir, séra Gísli Gunnarsson og séra Elínborg Gísladóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð. Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings sat fundinn undir liðum 2 og 5

2. KIRKJUÞING 2016, FRAMHALDSÞING Í FEBRÚAR 2017. MÁL SEM GANGA TIL KIRKJURÁÐS.

Stefán Magnússon óskaði eftir að fá að taka til máls. Hann vakti athygli á að dagskrá fundarins hefði ekki komið fram með viku fyrirvara og hann óskaði því eftir að fundurinn samþykkti framlagða dagskrá fundarins. Dagskráin var samþykkt.

a) *7. mál. Þingsályktun um sóknasamband.*

Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að vinna að framgangi málsins í samræmi við samþykkt kirkjuþings.

b) *9. og 10. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016.*

Vísað er til tillagna um ályktun undir c. lið, 15. mál kirkjuþings.

c) *15. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011*

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs og forseti kirkjuþings reifuðu málið, framhald þess er í höndum forseta kirkjuþings og forsætisnefndar þingsins.

3. FJÁRMÁL

a) *Fundargerð fjármálahóps 10.03.2017.*

Fundargerðin lögð fram. Fyrir tekið 1. mál. Endurgreiðsla á framlagi Jöfnunarsjóðs til biskupsstofu. Kirkjuráð ályktar endurgreiðslan eigi sér stað enda standa allar forsendur til þess með því að ríkissjóður hefur endurgreitt biskupsstofu það framlag sem var forsenda framlags Jöfnunarsjóðs sókna til biskupsstofu. Tekið fyrir 5. mál. Kirkjuráð vísar til afgreiðslu á máli 2. a.

b) *Breytingar á fjárhagsáætlunum vegna breyttra forsendna.*

Lagt er til að fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs verði breytt í samræmi við ályktun skv. lið 3.a.

c) *Erindi löggjafarnefndar kirkjuþings varðandi aukna fjárheimild.*

Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að óska eftir sundurliðun á kostnaðaráætlun með erindinu.

- d. *Undirbúningur stofnunar sambands sókna í Þjóðkirkjunni, styrkumsókn.*
Erindið lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að svara því í samræmi við umræður á fundinum.
- e. *Árnessókn, erindi sóknarnefndar.*
Erindið lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því við sóknarnefndina að kirkjuráði verði gerð grein fyrir framgangi máls þess sem erindið varðar þannig að Jöfnunarsjóður sókna geti veitt viljrði fyrir styrk til þeirra samkvæmt reglum sjóðsins.
- f. *Ástjarnarsókn, bygging safnaðarheimilis, stöðuskýrsla.*
Skýrslan lögð fram til kynningar.

4. FASTEIGNIR

- a. *Fundargerð kirkjustarfshóps 13.03.2017.*
Fundargerðin lögð fram. Tekinn fyrir 3.liður Reykhólar. Kirkjuráð ályktar að vísa málinu til biskupafundar. Tekinn fyrir 4. liður Bolungarvík. Kirkjuráð ályktar að kannað verði með sölu á fasteigninni. Tekinn fyrir 5. liður Reykholt. Vísað er til afgreiðslu undir liðum 4 g. og h. Tekinn fyrir 6. liður Strandarkirkja. Vísað er til afgreiðslu undir lið 4. i. Tekinn fyrir 7. liður Skálholt. Kirkjuráð stefnir að því að næsti fundur ráðsins verði haldinn í Skálholti.
- b. *Erindi lögmansstofunnar Lögmenn Höfðabakka f.h. Landsvirkjunar varðandi þrjár virkjanir í Þjórsá.*
Erindið lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að hafa samráð við ábúanda í Fellsmúla um málið. Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir sitt leyti.
- c. *Eiðar, prestsetur, erindi setts sóknarprests og f.v. sóknarprests.*
Kirkjuráð vísar til fundargerðar kirkjustarfshóps. Óskað verður eftir fundi með sveitarstjórnarmönnum um málið.
- d. *Staðastaður, erindi KRST, lögmanna.*
Erindið lagt fram. Kirkjuráð felur Inga Tryggvasyni hrl. lögmanni Kirkjumálasjóðs í málinu að svara því.
- e. *Hraungerði, erindi fráfarandi ábúenda.*
Kirkjuráð vísar til fundargerðar kirkjustarfshóps. Fulltrúar Kirkjumálasjóðs munu funda með fráfarandi ábúendum um uppgjör vegna uppsagnar ábúðar þeirra og skila kirkjuráði skýrslu um málið.
- f. *Traðir, stöðuskýrsla.*
Framkvæmdastjóri flutti stöðuskýrslu um málið. Fram kom að deilu um landamerki var vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Þá kom fram að leigutakar veiðiréttar eru í óvissu um hverjum skal greiða fyrir leiguréttinn vegna deilunnar. Einnig kom fram að aðrir leigutakar sóknarprests eru í sams konar óvissu vegna þess að fram er komið álit kirkjuráðs þess efnis að eðlilegt sé að sóknarprestur skili jörðinni til Kirkjumálasjóðs eigi síðar en á fardögum 2017. Framkvæmdastjóra falið að fara þess á leit við lögmansstofuna Mörkin að hún annist um að gæta hagsmuna Kirkjumálasjóðs í máli er varðar landamerkjadeilu við jörðina Traðir.

- g. *Reykholt, Orkustofnun, jarðhiti, nýtingarleyfi, umsögn*
Erindið lagt fram, kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við leyfisveitinguna.
- h. *Reykholt, RARIK, jarðstrengir, spennustöðvar.*
Erindið lagt fram, kirkjuráð samþykkir að veita umbeðið leyfi.
- i. *Strandarkirkja, framlenging á lóðaleigusamningi.*
Erindið lagt fram. Kirkjuráð ályktar að vísa því til Strandarkirkjunefndar.
- j. *Skeggjastaðasókn, flutningur milli prestakalla. Ályktun sveitarstjórnar Langanesbyggðar.*
Ályktunin lögð fram. Hún gefur ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs.

5. RÁÐNING STARFSMANNS KIRKJUÞINGS, STÖÐUSKÝRSLA

Framkvæmdastjóri flutti stöðuskýrslu um málið. Fram kom að framkvæmdastjóri og forseti kirkjuþings hefðu átt fund með aðila sem lýst hefði áhuga á starfinu. Fram kom hjá forseta kirkjuþings að forsætisnefnd kirkjuþings áætlaði að funda með umsækjandanum og að því loknu er gert ráð fyrir að endanleg ákvörðun verði tekin um ráðninguna.

6. LAUGAVEGUR 31, SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA UM LYKTIR MÁLSINS

Framkvæmdastjóri flutti skýrslu sína. Fram kom að hann leggur til að gengið verði til samninga við EIGNAMIÐLUN fasteignasölu um lyktir málsins.

7. ÖNNUR MÁL

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:16.

Næsti reglulegur fundur er áætlaður í Skálholti 11. apríl 2017.

Kristján Valur Ingólfsson,
forseti kirkjuráðs.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Gísli Gunnarsson.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.